

August, f. 6. jan. 1890, var í nótt, sem leið, staddur á landhelgissvæðinu undan Mýrdalsvík á skipi sínu, togaranum Orion, P. G. 355 frá Geestemünde, með bakborðsvörpu í sjó.

Kærði hefir gefið þá skýringu á þessu, að skip hans hafi vegna ólags á veiðarfærunum rekið inn á landhelgissvæðið, og hann hafi bæði kastað og togað fyrir utan landhelgislinuna. En þessa staðhæfingu hans verður eftir atvikum að telja ranga og ósannaða, m. a. vegna þess, að straumur getur ekki hafa borið skip hans þangað, sem það var á þeim tíma, er hann fullyrðir, frá stað utan landhelginnar. Það verður eftir þessu að telja nægilega sannað, að kærði hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Með hliðsjón af því, að hér er að ræða um fyrsta brot á þessum lögum, sem kærði er dæmdur fyrir, en að hann þó hefir fengið aðvörun vegna þess, að hann var með veiðarfæri ólöglega umbúin á landhelgissvæðinu, svo og með tilliti til þess, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8170 úr gullkrónu, telst reising hans hæfilega ákveðin 13000 kr. sekt, sem greiðist til Landhelgissjóðs innan 4 vikna, en aflánist með sjö mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 16. okt. 1929.

Nr. 56/1929. **Valdstjórnin** (Guðmundur Ólafsson)
 gegn
 Heinrich Offermann (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. apríl 1929: Kærði, Heinrich Offermann, á að greiða 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjöggra vikna, en afláni hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Hamburg, S. D. 61 frá Altona,

vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að forstöðumaður stýrimanna-skólans hefir markað á sjóbréf athuganir varðskipsins, er sýna, að kærði, sem hafði siglt út frá landi 10 mínútur áður en hann stöðvaði, var tekinn 0,3 sm. innan landhelgi með botnvörpu í sjó, ber að staðfesta lögregluréttardóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Að svo vöxnu máli verður kærði að greiða allan kostnað áfrýjunarinnar, þar með talin sóknar- og varnarlaun í hæstarétti, og eru þau ákveðin, hvor um sig, 80 kr.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Heinrich Offermann, greiði allan áfrýjunarkostnað, meðal annars laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu »Oðni«, var kærði í máli þessu, Heinrich Offermann, f. 14/6 1886, miðvikudaginn 24. þ. m. staddur á landhelgissvæðinu út af Mýrnatöngum á skipi sinu, togaranum Hamburg, S. D. 61 frá Altona, að fiskiveiðum með bakborðsvörpu í sjó.

Þessari skýrslu hefir kærði ekki mótmælt eða hnekkst á nokkurn hátt. Að visu segist hann hafa staðsett skipið, þar

sem það var stöðvað, nokkuð öðruvísi en gjört var á »Óðni« og á stað, sem er lítilsháttar (ca.) 0,3 fyrir utan landhelgina. En bæði er, að þessi mæling getur ekki komið til greina gegn fullkomnari mæling varðskipsins, og svo er hitt, að jafnvel eftir mæling kærða mun hann hafa togað á landhelgissvæðinu umrætt sinn, þar eð hann hafði þá í 10 mínútur haldið út frá landi.

Samkvæmt þessu verður að álíta fyllilega sannað, að kærði hefir brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og þar eð hér er að ræða um fyrsta brot hans á þessum lögum og með tilliti til þess, að dagsgengi krónunnar er 0,8170 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega metin, sekt að upphæð kr. 12500.00, sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 7 mánaða fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 18. okt. 1929.

Nr. 42/1928.

Íslandsbanki (Lárus Fjeldsted)
gegn

fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs
(Jón Ásbjörnsson).

Krafa stefnanda á hendur rikissjóði um greiðslu upphæðar, er á milli bar, í sambandi við sölu stjórnar Íslandsbanka til rikissjóðs á hluta af gullforða bankans, eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1928: Stefndur, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs Íslands, á að vera sýkn af kröfu stefnandans, stjórnar Íslandsbanka, f. h. bankans, í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 1500 krónur í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, ber að staðfesta hann.